

Grunnskólinn á Þingeyri



Ársskýrsla 2021-22

Ábyrgð-virðing-samheldni-GLEÐI



Erna Höskuldsdóttir

27.6.2022

Efnisyfirlit

Formáli	2
Inngangur	2
Skýrsla um skólahald	4
Helstu markmið ársins.....	10
Starfsmarkmið skólans:	11
Niðurstöður um hvernig tókst til með markmið ársins	13
Niðurstöður um hvernig tókst til að vinna eftir stefnum og áætlunum ársins	14
Fjöldi nemenda og bekkjardeilda	16
Forföll nemenda	16
Forföll kennara	17
Kennslustundamagn	17
Upplýsingar um keypta þjónustu	17
Upplýsingar um sjálfsmat	17
Gæðagreinar	18
Framkvæmd sjálfsmats skólaárið 2021-2022.....	18
Gæðagreinar	20
Leiðsagnarnám.....	21
Skýrsla námsráðgjafa	22
Upplýsingar um nauðsynlegar breytingar/viðgerðir	24
Upplýsingar um stórar fjárfestingar	26
Fjárhagsáætlun.....	26

Formáli

Grunnskólinn á Þingeyri hefur verið starfræktur frá 1897. Nú til dags er gefin út ársskýrsla um skólastarfið. Skýrslunni er dreift til fræðslustjóra, fræðslunefndar og kynnt í skólaráði að hausti. Skýrslan birtist einnig á heimasíðu G.Þ. www.grthing.isafjordur.is. Markmið með útgáfu skýrslunnar er að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem fer fram í Grunnskólanum á Þingeyri, ásamt því að halda saman nauðsynlegum upplýsingum úr skólastarfinu. Skýrslan mun nýtast sem góð heimild um skólastarfið í heild sinni frá ári til árs. Skýrsluna prýða ýmsar myndir úr skólastarfinu sem gefa lesendum innsýn í starfið og gera hana líflegri.

Skólastjóri ber ábyrgð á gerð skýrslunnar.

Inngangur

Í þessari skýrslu koma fram allar helstu upplýsingar um skólastarf Grunnskólans á Þingeyri skólaárið 2021 – 2022. Farið er yfir markmiðasetningu og hvernig til tókst að ná starfsmarkmiðum. Einnig má finna ýtarlegar upplýsingar um skiptingu nemenda eftir aldri og kyni. Í skýrslunni er farið yfir starfsmannamál þ.e. stöðugildi.

Ekki er fjallað um fjármál skólans í skýrslunni þar sem allar upplýsingar um þau er hægt að nálgast í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar en lokastaða er birt aftast í skýrslunni þ.e. hreyfing, áætlun og staða við áramót.

Ríkar hefðir móta skólastarfið í Grunnskólanum á Þingeyri og skapa skólanum sérstöðu. Margar hefðanna eru áratuga gamlar og aðrar nýjar hafa fest sig í sessi á síðustu árum og skapa festu og öryggi í síbreytilegu skólastarfi. Til þessa að faglegt starf fari fram þarf að ígrunda nám og kennslu, meðal þess sem við gerum til að meta fagmennsku spyrjum við okkur spurninga um hversu góður skólinn okkar er. Við notum Gæðagreina til þess, auk þess var unnið að aðlögun námsmarkmiða í námsgreinum að nýrri Aðalnámskrá. Áfram var unnið að þróunarverkefninu Byrjendalæsi og Uppeldisstefnunni Uppeldi til ábyrgðar. Í skólanum er unnið eftir læsisstefnu Ísafjarðarbæjar þar sem nemendur lásu meira og þreyttu lestrarátök yfir árið. Einnig var unnið að þáttum í umbótaáætlun eftir ytra mat á vegum Menntamálastofnunar. Heilt yfir eru styrkleikar skólans þeir að þar vinna fagmenn, samskipti einkennast af jákvæðni og gagnkvæmu trausti. Tækifæri til umbóta koma fram í umbótaáætlun sem var unnin í samvinnu við starfsfólk. Flestum þessum verkefnum eru gerð skil í skýrslunni. Kynna þarf stöðu framvinduskýrslu betur fyrir foreldrum og skólaráði en Covid-19 hefur haft áhrif á fundahöld. Niðurstöður á framvindu var unnin í mars á þessu ári og skilað til Menntamálastofnunar. Skýrsluna er einnig að finna á heimasíðu skólans.

Grunnskólinn á Þingeyri er einn fjögurra grunnskóla í Ísafjarðabæ. Skólastarf hófst á Þingeyri árið 1897. Fyrsta skólahúsið var reist 1896, Wendelshús, byggt af Hermanni Wendel kaupmanni. Árið eftir hófst síðan reglulegt skólalald í húsinu. Í upphafi voru það foreldrar barna á Þingeyri sem stóðu fyrir skólalaldinu. Skólinn er 125 ára.

Á nýliðnu skólaári komu 36 nemendur að skólastarfinu og telst skólinn til fámennra skóla. Nemendafjöldi hélt sér allt skólaárið. Þrír nemendur útskrifuðust úr 10. bekk í vor. Nemendafjöldi eykst næsta skólaár þar sem 8 nemendur hefja skólagöngu næsta skólaár.

Íbúar á Þingeyri og nágrennis eru 278 manns samkvæmt heimildum Hagstofu ([sótt á hagstofa.is](http://sott.hagstofa.is)).

Hornsteinar skólastarfsins eru : *Ábyrgð - virðing- samheldni- gleði*

Hornsteinarnir vísa til þess :

- Að nemendum líði vel og séu ánægðir í eigin skinni og vinnu.
- Að nemendur beri virðingu fyrir sjálfum sér og sýni öðrum skilning.
- Að ábyrgð/metnaður vísi til þeirrar sómatilfinningar sem að allir sem að skólastarfinu koma ættu að finna fyrir.
- Að nemendur finni fyrir þeirri tilfinningu að tilheyra hópi og skipta máli.

Erna Höskuldsdóttir
Skólastjóri

Skýrsla um skólahald

Skólaárið 2021-2022 var markmiðið að leggja áherslu á bekkjarbrag og vellíðan. Stefnt var að því að vinna með nemendum og líðan þeirra til að bæta bekkjarbrag og efla sjálfsmynd þannig að hver og einn gæti eflt sig og valið sjálfur sína hegðun. Upplýsingatækni eflist með samþættingu við aðrar námsgreinar. Kennarar voru hvattir til að nýta, læra og gera tilraunir með þau verkfæri sem buðust til náms og kennslu. Nemendur settu sér markmið með gerð áforma og tengdu hæfniviðmið og lykilhæfni við mat og skipulag kennslu.

Úr starfsáætlun skólaársins: „Haldið verður áfram að nota fjölbreyta kennsluhætti í skólafarfinu á öllum skólastigum þar sem spjaldtölvur eru m.a. nýttar sem kennslutæki. Horft verður til starfa framtíðar og áhersla lögð á sköpun og framsýni. Veruleikinn er tengdur alheimsnetinu og kenna þarf nemendum að nýta hann til þekkingaröflunar“.

Markmiðið var að halda áfram að hrista upp í viðmiðum og gildum uppbyggingarstefnunnar samkvæmt starfsáætlun. Starfsfólk og nemendur áttu að vinna með þarfir sínar og jákvæða uppbyggingu til að verða betri útgáfur af sjálfum sér. Ekki var hægt að sækja námskeið og fyrirhuguð samvinna við aðra skóla varð ekki sökum takmarkana. Flest stig gerðu bekkjarsáttmála í haust og haldnir voru bekkjarfundir. Vinnan þarf að vera sýnilegri í skólanum og skipuleggja þarf námsvísi fyrir öll stig. Góð gildi hjálpa til við að láta okkur líða vel og finna hvernig manneskjur við viljum vera og hvert hlutverk hvers og eins er.

Bekkjarsáttmáli yngsta stigs:



Skólinn var settur 20. ágúst „á sal“ og nemendur mættu í viðtöl hvert og eitt með foreldrum sínum sama dag. Í september var farið í skipulagðar gönguferðir á hverju stigi (elsta stig náði ekki að ganga upp á Kaldbak vegna veðurs), gengið var á fjöll að þessu sinni. Gönguvikan er orðin hefð og hefur sá liður verið fastur í skólalagatali skólans í um 20 ár. Gengið er til skiptis

á dali og fjöll. Foreldrum er alltaf boðið að vera með í þessum göngum. Gönguvikan og skólahlaupið fléttast inn í Göngum í skólann átakið og stefna námshóparnir að því að vinna „gullskóinn“ sem nemendur á yngsta stigi hlutu að þessu sinni. Skólahlaupið eða Ólympíuhlaupið eins og það er nefnt í dag var 15. september í blíðskapar veðri (sjá margar myndir með frétt um hlaupið á heimasíðu skólans). Nemendur stóðu sig mjög vel í hlaupinu ásamt elstu tveimur hópunum á Heilsuleikskólanum Laufás. Nemendur höfðu um þrjár vegalengdir að velja 2,5 km, 5 km og 10 km. Samanlagðir km voru 236 með gestum og leikskóla. Vel gert og til hamingju með árangurinn. Margir nemendur stóðust markmið sín og bættu tíma sína verulega. Nemendur G.P. skelltu sér svo aðeins í sundlaugina og heita pottinn eftir hlaupið.



Nemendur á yngsta stigi hlutu "Gull skóinn 2021" og fengu að hafa hann inni í heimastofnunni sinni í vetur.
Nemendur á stjörnustigi (4.-5. bekk) uppi á Höfða í gönguviku með umsjónarkennara sínum.


Upphaf skólaársins einkenndist af annríki eins og svo oft áður. Elsta stig fór á Íþróttahátíðina í Bolungarvík, þar var mikið fjör og þökkum við fyrir okkur, þar var skipulag til fyrirmyndar og allir okkar nemendur tóku þátt í einhverjum greinum, einni eða fleirum.

Fimm ára börnin á Laufási komu í tvær heimsóknir í október, spennan var gífurleg og gaman að segja frá því að í skólahóp á Laufási eru nú 8 börn. Skipulag þeirra heimsókna köllum við „Brúum bilið“. List fyrir alla: 26. október komu til okkar tvær listakonur, þær Alda og Kristín, með listasmiðjuna Veður, fegurð og fjölbreytileiki. Einnig komu til okkar nemendur og kennarar frá Flateyri til að taka þátt í smiðjunni með okkur. Yngri hópurinn bjó til veðurtákn og rýndi í veðurkort. Eldri hópurinn vann verkefni um líf-fjölbreytileikann á norðurslóðum með litríkum óskafánum. Verkin voru hengd upp í Edinborgarhúsinu.



Á degi íslenskrar tungu 16. nóvember var flaggað í tilefni dagsins og haldið var upp á daginn með ýmsum hætti. Aðal-afmælisbarninu Jónasi Hallgrímssyni voru gerð góð skil á öllum stigum með ýmsum hætti. Horft var á þetta skemmtilegt myndband sem finna má á Youtube þar sem Jónas stekkur niður af stalli sínum og fær sér göngutúr í tilefni dagsins. Einnig voru skoðuð og lesin ljóð eftir hann - og nokkur ljóð voru m.a.s. ort í tilefni dagsins. Þess má geta að Dagur íslenskrar tungu markar upphaf undirbúnings Stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekk (og 6. bekkur verður líka með að hluta) og Litlu upplestrarkeppninnar í 4. og 5. bekk. En báðar þessar "keppnir" lúta að því að keppast um að verða betri lesarar. Markmið okkar er alltaf að keppast að við að verða betri í dag en í gær í sem flestu. Þar á meðal lestri.

Fresta þurfti þemadögum vegna annars skipulags samkv. skóladagatali. Mánudaginn 22. nóvember hófust þemadagar og stóðu til og með fimmtudeginum 25. nóv. Þemað var: Loftslagsbreytingar: Til hvaða aðgerða getum við gripið? Nemendur mættu í skólann kl. 8:10 að venju þessa daga en annað skipulag riðlaðist. Nemendum var skipt í 2 hópa, kveikjan var m.a. risaeðlan sem mætti á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Fjöldi verkefna var svo sýndur á sýningu með einstefnu í gegnum skólann til að halda sóttvörnum.



Gagnvirkt plakat og ruslajólatré voru m.a. afrakstur þemadaga

Jólafondur Foreldrafélags G.P. féll niður. Rauðadags huggulegheit voru haldin utandyra vegna Covid í góðu vetrarveðri á skólalóðinni og heppnaðist vel. Margir foreldrar kíktu við og nemendur buðu í heitt súkkulaði með rjóma og sírópslengjur sem þeir bökuðu á skreytingardaginn. Börnunum á Laufási var líka boðið og það var mikið fjör þegar þau byrjuðu að renna sér með skóla börnunum í brekkunni fyrir ofan skólann. Áhugasviðsverkefni voru sýnd á sjónvarpsskjá ásamt umfjöllun elsta stigs á áhugasviði sem skipta flesta nemendum skólans greinilega mjög miklu máli: "Það er gaman í áhugasviði, við erum að læra og hafa gaman á sama tíma, það mættu vera fleiri tímar, meira frelsi og aðrir nefndu að það þyrfti ekki að breyta því neitt".

Fyrir hönd Komedíu leikhússins komu Elfar Logi og Marsibil með afar fallegan jólapóstkassa og kynntu verkefnið Jólásleðinn. G.P. Nemendaráð hélt svo jólaballsdiskó um kvöldið fyrir alla nemendur með aðstoð Sigurðar kennara. Nemendur mættu í sparifötum, dans salurinn var jólaskreyttur, leitað var að jólastöfum og nefið sett á snjókarlinn. Loka þurfti skólanum vegna Covid smita í samfélaginu einum degi fyrir jólaleyfi. Þannig að litlu jólin voru ekki haldin þetta skólaárið.



Við fórum í tvö lestrarátök á árinu þar sem lesið var meira heima og í skólanum. Niðurstöður átakanna eru að meiri ánægja og árangur af lestri mælist hjá flestum nemendum. Fresta þurfti Þorablóti G.P. vegna smita í samfélaginu en haldið var Góublót í staðinn, þar skemmtu nemendur og starfsfólk sér saman. Nemendaráð skólans sá um skipulag og lagði metnað í skemmtiatriði.



Jólastemning desember 2021



Bangsa,-og náttfatadagur í boði nemendaráðs í byrjun febrúar 2022

11. febrúar, er 112 dagurinn. Af því tilefni fengum við heimsókn í skólann. Slökkviliðsbíllinn og sjúkrabíllinn mættu á svæðið með sírenum og látum. Það hafði tilætluð áhrif og spenntir krakkar hópuðust að þeim til að skoða græjurnar og fræðast um bílana og störf þeirra viðbragðsaðila sem starfa hjá slökkviliði og á sjúkrabíl. Krakkarnir fengu að setjast inn í bílana og ýta á einhverja spennandi takka og allir bæði skemmtu sér og fræddust um leið. Kærar þakkir Hákon, Níels og Danni fyrir að koma til okkar og sýna krökkunum græjurnar sem viðbragðsaðilar hjá slökkviliði og sjúkrabílum nota þegar við þurfum á hjálp að halda.

Appelsínugul viðvörðun tók gildi samkvæmt veðurspá frá morgni 23. febrúar til miðnættis. Skólahald í öllum skólum Ísafjarðabæjar var fellt niður í samráði við sviðsstjóra. Nýjar reglur um skólahald þegar óveður geysar voru samþykktar í bæjarráði vikuna á undan þar segir:

„Þegar appelsínugular eða rauðar viðvaranir Veðurstofu Íslands eru í gildi hefur skólastjóri heimild, í samráði við sviðsstjóra, að fella niður skólastarf (grunn- og leikskólar í Ísafjarðarbæ). Sé það gert þarf að tryggja að hægt verði að opna skóla fyrir börn neyðaraðila ef brýn nauðsyn krefur og er það þá á ábyrgð foreldra að tilkynna komu barnanna í skólann. Skólastjórnendur, í samráði við sviðsstjóra, meta þá hvort nauðsynlegt sé að opna skólann fyrir þessi börn“. Ef skólahald er fellt niður er slíkt auglýst á vefsíðu skólans, Facebook síðu skólans, svo og í tölvupósti til foreldra, og eigi síðar en kl. 7:00 að morgni dags.

Árshátíð skólans var haldin 31. mars sl. án allra takmarkana og flestir nutu sín í botn. Nemendur og kennarar settu upp leiksýningu um Emil í Kattholti og skammarstrik hans. Nemendur stóðu sig afar vel og hafa fengið mörg hrós fyrir vel unnið verk úr öllum áttum. Margir þurftu virkilega að stíga út fyrir þægindaramma sinn og gera sitt besta til að skila sínu. Með því að æfa og koma fram á sviði þjálfast mismunandi hæfni sem ekki þjálfast í skólastofunni. Kennarar eru stoltir af nemendum sínum og þakka þeim fyrir frábærar sýningar. Í mörg horn þarf að líta þegar sýning er sett upp og öll hlutverk mikilvæg hvort sem þau sjást á sviði eða eru unnin í undirbúningi eða baksviðs.

Leikskólabörnin sungu lag úr þemavinnu sinni um árstíðirnar, þeirra þátttaka er liður í Brúum bilið.



Árshátíð G.P. haldin í Félagsheimilinu: Emil í Kattholti

Í mars þreyttu nemendur í 10. bekk PISA könnunarprófin. Nemendur fengu morgunmat fyrir prófin „að hætti“ skólastjóra. Sundnámskeið fyrir skólahóp á Laufási var haldið í lok febrúar og byrjun mars, fengu börnin 8 tíma í sundi til að undirbúa sig fyrir áframhaldandi sundnám næsta vetur. Námskeiðið tókst mjög vel (Brúum bilið).

Nemendur í 7. bekk tóku þátt í upplestrarkeppninni í umsjón Jónínu Hrannar. Að þessu sinni var undankeppnin haldin í G.S. Krakkarnir okkar stóðu sig vel - og samtals voru 13 nemendur að lesa, veikindi settu strik í reikninginn og ekki gátu allir verið með sem ætluðu að vera með. En svona er víst lífið. Þriggja manna dómnefnd komst að því að 5 nemendur skyldu fara áfram í lokakeppnina sem haldin var í Hömrum á Ísafirði 5. apríl.

Síðasta vikan í apríl var sannarlega viðburðarrík sérstaklega hjá nemendum í 6.-8. bekk. Nemendur og kennarinn þeirra Sonja Elín hafa verið þátttakendur í NordPlus Junior verkefni sl. 2 ár. Þema verkefnisins eru víkingar og markmiðin eru m.a. að uppgötva ný tækifæri og hæfni í samskiptum, kynnst margbreytileikanum og umgangast alls konar manneskjur og læra að skilja hvert annað. Markmiðið er líka að kennarar tengist og læri hver af öðrum.



Í byrjun maí fórum við m.a. í vörgöngu með leikskólanum og sungum fyrir fólkið á Tjörn. 10. bekkur fór til Ísafjarðar í skólaheimsókn í M.Í. með námráðgjafa. Mikael töframaður kom í heimsókn með Töfrasmíðjuna. Nemendur í 9.-10. bekk fóru í skólaferðalag til Spánar. Grænidagurinn var nýttur til að „plokka“, elsta stig málaði slönguspil og parís á skólalóðina ásamt því skólalóðin var snyrt.



Vordagurinn var haldinn 30. maí í fallegu sólar veðri

Skólaslit og skólasýning fóru fram 1. júní við hátíðlega athöfn í kirkjunni. Skólasýningin var á sínum stað og Kvenfélagið Von sá um kaffisölu í Félagsheimilinu. Markmið skólaslita að þessu sinni var að njóta góðrar samveru og kveðja Borgnýju Gunnarsdóttur kennara skólans eftir 47 ára starfstíma. Við þökkum henni fyrir hennar framlag til skólastarfs á Þingeyri.

Helstu markmið ársins

Markmið (úr starfsáætlun):

Skólaárið 2021-2022 verður lögð áhersla á bekkjarbrag og vellíðan. Unnið verður með nemendum og líðan til að bæta bekkjarbrag og efla sjálfsmynd þannig að hver og einn geti eflt sig og valið sjálfur sína hegðun. Upplýsingatækni eflist með samþættingu við aðrar námsgreinar. Kennarar hvattir til að nýta, læra og gera tilraunir með þau verkfæri sem bjóðast í dag til náms og kennslu. Nemendur setja sér markmið með gerð áforma, sem þeir vinna með stuðningi kennara út frá áætlunum í kjarnagreinum.

Unnið verður með hæfniviðmið og lykilhæfni við mat og skipulag kennslu. Haldið verður áfram að nota fjölbreytta kennsluhætti í skólastarfinu á öllum skólastigum þar sem spjalddölvur eru m.a. nýttar sem kennslutæki. Horft verður til starfa framtíðar og áhersla lögð á sköpun og framsýni. Veruleikinn er tengdur alheimsnetinu og kenna þarf nemendum að nýta hann til þekkingaröflunar.

Hægt er að nálgast helstu upplýsingar um skólann og starfið á heimasíðu skólans www.grthing.isafjordur.is, þar eru birtar helstu fréttir og upplýsingar um skólastarfið. Skólinn er einnig með Facebook síðu þar sem öllum fréttum á heimasíðu er deilt. Stefnt er að því að halda því áfram þar sem flettingar á heimasíðu eru mun fleiri og almenn ánægja virðist vera með þá upplýsingaveitu. Facebook síða skólans er meira hugsuð fyrir tilkynningar og ekki má birta neinar myndir þar eða geyma samkvæmt persónuverndarlögum. Einnig er skólinn með instagram reikning sem sýnir metnaðarfullt starf skólans í myndum (grunnskólinn_a_thingeyri).

Starfsmarkmið skólans:

Grunnskólinn á Þingeyri hefur sett sér þrjú aðalmarkmið fyrir skólaárið 2021-2022. Þessi markmið stuðla að því að bæta enn frekar og byggja ofan á samskipti heimils og skóla, styðja nemendur, bæta líðan og nám. Fjölbreyttar kennsluáferðir verða nýttar í skólastarfinu sem snúa að því að þróa kennsluhætti í takt við framtíðina m.a. með því að nýta og læra á nýja tækni. Nemendur setja sér markmið og læra að bera ábyrgð á námi sínu, þeir verða meðvitaðir um þekkingu sína og þær leiðir sem hægt er að fara og velja (m.a. í áhugasviði, vinnu með spjaldtölvum og m.fl.). Grunnskólinn á Þingeyri hefur lagt áherslu á skapandi og fjölbreytt verkefnaskil, áherslan verður áfram þar ásamt því að:

1. **Stillum saman strengi.** Haldið er áfram með að leggja áherslu á stærðfræði og lestur í kjarna sem eru fyrstu tímar hvern morgun í stundaskrá allra nemenda. Lögð er áhersla á daglegan heimalestur, þar sem foreldrar hlusta og skrá í þar til gerða bók, hvenær hlustað er, hversu lengi var lesið og hvað var lesið. Ákveðið er að hafa þrjú lestrarátök á skólaárinu, en þau hafa verið gerð undanfarin ár og skilað góðum árangri (samkvæmt stefnu um læsi í Ísafjarðarbæjar eru lestrarátökin þrjú talsins). Leitað er leiða til að auka fjölbreytni í stærðfræði, í verkefnum sem og þeim verkfærum sem nemendum stendur til boða. Halda áfram að skipuleggja stærðfræðispretti, taka þátt í degi stærðfræðinnar og hvetja eldri nemendur til að taka þátt í stærðfræðiverkefninu Pangea.

2. **Uppbyggingarstefnan.** Það þarf ávallt að viðhalda þeirri agastefnu sem skólinn fylgir. Ákveðið er að hafa a.m.k. einn kennarafund að hausti og einn að vori þar sem farið er yfir stefnuna, hvað gert hefur verið vel og hvar við þurfum að bæta okkur. Við erum meðvituð um mikilvægi þess að vera samstíga í framkomu okkar og ákvörðunum. Uppbyggingin gefur nemendum og kennurum verkfæri til að efla sjálfsöryggi og færni í samskiptum. Öll stig gera bekkjarsáttmála sem er hafður að leiðarljósi til að allir geti sinnt hlutverkum sínum. Við vinnum með jákvæð samskipti og lærum að taka tillit til þarfa hvers annars. Umsjónarkennarar allra námshópa vinna með uppbyggingarstefnuna markvisst allan veturinn og halda bekkjarfundi. Allir starfsmenn skólans vinna annars með stefnuna, mikilvægt að unnið sé með sameiginleg gildi þannig að nýir nemendur og nýir starfsmenn læri á stefnuna. Vinna verður sýnileg sem minnir okkur á góð gildi og hjálpa okkur að láta okkur líða vel.

3. **Innleiðing leiðsagnarnáms.** Þrjú ára þróunarverkefni hefst í haust fyrir alla kennara. Kennarar fara eftir þeim ramma sem smíðaður verður og nýti sér þá þekkingu sem til verður. Að vera samtaka í faglegu lærdómssamfélagi, þar sem leiðsagnarnám verður í brennidepli. Vaxandi hugarfar

4. **Námsmat.** Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat, eins og kostur er með markmið Aðalnámskrár til hliðsjónar. Við deilum með samkennum því sem vel hefur tekist og ræðum um samfellu innan skólans. Kennsluáætlanir eru unnar í Mentor, sem og annað námsmat. Mikilvægt er að nemendur viti hvað er verið að meta og verði meðvitaðir um hæfni sína. Kennsluáætlanir eru settar inn á heimasíðu skólans ásamt því að nemendur fá tækifæri til fjölbreyttra verkefnaskila.

5. **Að viðhalda jákvæðum skólabrag.** Nemendur tileinki sér ákveðin gildi eins og samskiptahæfni, umburðarlyndi og virðingu. Nemendur læri að umgangast hvert annað í sátt og samlyndi. Allir sem koma að skólastarfi Grunnskólans á Þingeyri stuðli að jákvæðni með gagnkvæmri virðingu fyrir þeim sem að því koma. Mestu máli skiptir að nemendum líði vel í skólanum og þekki grunnþarfir sínar. Verkfæri Uppbyggingarstefnunnar verða notuð ásamt bekkjarsáttmála, bekkjarfundum og öðrum verkfærum í verkfærakistu uppbyggingarstefnunnar í samþættingu við aðrar námsgreinar ásamt lífsleikni. Samhliða þessari vinnu ætla allir hópar að huga að bekkjaranda. Umsjónakennarar fá nemendur til að hugsa um gildi er snúa að bekkjaranda. Hvað ætlum við að gera? Hvernig? Hvenær? Hver? eru spurningar sem nemendur þurfa að velja fyrir sér. Góður bekkjarandi er ávísun á líðan, vinnufriður eykst ásamt því að félags-, tilfinninga- og vináttufærni eru grunnurinn sem allt stendur á. Öll þessi vinna tengist Uppbyggingarstefnunni sem við vinnum eftir.

Foreldrasamstarf / samvinna heimilis og skóla

- Með því að halda foreldrafund í október. Fara yfir með foreldrum hvers er ætlast til af þeim í samstarfi heimilis og skóla til þess að vinna að öfluggu skólastarfi. Vinna saman að lausnum ef upp koma atvik sem þarf að leysa með upplýsingagjöf milli heimilis og skóla, símleiðis eða mentor.is.

- Foreldraviðtöl, þar sem nemendur setja sér námsmarkið, persónuleg markmið og félagsleg markmið. Farið er yfir hvort markmiðum hefur verið náð og hvernig best er að vinna að þeim.

- Einnig verða miðlar nýttir til að koma upplýsingum á framfæri til foreldra þannig að allir geti fylgst vel með starfinu innan skólans. Skólinn er með facebook síðu: Grunnskólinn á Þingeyri. Þar verða birta tilkynningar til foreldra en ekki er heimilt að miðla persónugreinandi upplýsingum á miðlinum. Auk þessa má finna upplýsingar á heimasíðu www.grthing.isafjordur.is.

Tengsl skóla og umhverfis


- Það gerum við meðal annars með því að eiga í góðu samstarfi við Heilsuleikskólann Laufás t.d. með því að bjóða þeim og þiggja heimsóknir og aðra fræðslu (Brúum bilið). Með því að nýta umhverfi og nágrenni skólans til útikennslu sem og að heimsækja fyrirtæki og stofnanir. Vera í samvinnu við Blábankann.

Skólapúlsinn – sjálfsmat skólans

- Lagðar eru fyrir kannanir Skólapúlsins fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk. Unnið er með niðurstöður og bætt það sem þarf að bæta og styrkt það sem gott er.
- Tengslakannanir sem námsráðgjafi sinnir.

Niðurstöður um hvernig tókst til með markmið ársins

Ágætlega tókst að vinna að markmiðum skólans yfir skólaárið miðað við aðstæður. Eins og svo oft áður þurfti að haga seglum eftir vindi og settu takmarkanir mark á skólastarfið að einhverju marki, sóttkví bæði nemenda og starfsfólks hafði töluverð áhrif á álag ásamt fleiri þáttum og verkefnum sem lífið býður upp á. Huga þurfti að stærðfræðikennslu í kjarna þar sem innlagnir áttu að verða markvissari. Auka stuðningur var við nemendur á miðstigi í stærðfræði ásamt stærðfræði átaki sem fól í sér að nemendur þjálfuðu atriði heima og í skóla líkt og í lestri. Þjálfun þeirra sem þurfa meiri stuðning verður sett meira á oddinn fyrir næsta skólaár ásamt því að gefa þeim sem hafa náð góðri færni verkfæri til að halda áfram og setja sér metnaðarfull markmið ásamt því að tengja innlagnir meira í anda leiðsagnarnáms. Kennarar hafa lagt vinnu í að móta og byggja ofan á vinnu og reynslu fyrri ára. Á mynd hér fyrir neðan má sjá niðurstöður lesferils í maí 2021 og maí 2022. yfir þriðjungur nemenda er undir viðmiði 1 sem Menntamálastofnun setur í Lesferil. Fjöldi barna með lesvanda hefur aukist lítillega milli ára.



Lesfiminiðurstöður milli ára sýna svipaðar niðurstöður

Að viðhalda jákvæðum skólabrag tókst með ágætum að mati starfsfólks skólans ásamt því að niðurstöður Skólapúlsins komu ágætlega út. Niðurstöður Skólapúlsins sýna þó að við þurfum

að vera á varðbergi og hlúa að andlegri líðan þar sem fleiri nemendur virðast þurfa stuðning. Það skiptir miklu máli að nemendum líði vel í skólanum og viljum við gera allt sem við getum til að svo sé. Samkvæmt gestum sem koma inn í skólann er andinn mjög góður og styðjumst við við orðatiltækið „Glögg er gests augað“. Skólastarfið er margbreytilegt og ekki alltaf hægt að koma til móts við þarfir allra alltaf en það er sannarlega markmið okkar ásamt því að kenna nemendum hverjar skyldur og hlutverk þeirra eru. Velliðan í skólanum hefur minnkað milli ára sem er ekki í takt við þær áherslur sem við leggjum upp með í skólanum. Einelti mælist samkvæmt niðurstöðum Skólapúlsins, svo virðist sem það hafi hækkað lítillega. Við viljum ekkert einelti og því verður haldið áfram að leita leiða til þess að koma í veg fyrir það ásamt því að vinna áfram með þá þætti sem hafa skilað árangri. Það ætlum við að gera með því að vinna með eineltisáætlun, kynna hana reglulega, gera hana sýnilegri ásamt því að fara vel í skilgreiningu á einelti. Hver námshópur vinnur að bekkjarsáttmála og halda bekkjafundi, passa þarf upp á eftirfylgni og upplýsingagjöf í vinnslu mála. Einelti er ekki það sama og samskiptavandi, mikilvægt er að aðstoða við að leysa öll vandamál svo þau þróist ekki í einelti og hrósa fyrir þá hegðun sem við viljum sjá. Muna þarf eftir því að allt sem við veitum athygli vex. Nemendur sýna ekki eins mikla vellíðan eins og undanfarin ár ásamt því að finnast þeir ekki samsama sig við aðra nemendur. Hvort að aðstæður og heimsfaraldur hafi þau áhrif er ómögulegt að segja til um. Þetta þarf að ræða og innleiða þarf jákvæða sálfræði, hugarró og núvitund inn í skólastarfið. Einnig var áberandi í niðurstöðum Skólapúlsins að þrautseigja nemenda hafi minnkað töluvert og efla þarf þann þátt á næsta skólaári.

Varðandi skóla og bekkjaranda er mikilvægt að samband nemenda og kennara sé gott og að nemendur finni að það sé agi í tímum. Ætlast er til að starfsmenn haldi áfram á sömu braut í vinnu sinni með nemendum og að þeir haldi áfram að eiga samræður við nemendur og minna á mikilvægi þess að hver og einn ber ábyrgð á sjálfum sér og sinni hegðun. Halda þarf betur utan um agastjórnun á nemendum með hegðunarerfiðleika - það lögum við m.a. með Uppbyggingarstefnunni og samtali við foreldra. Við ætluðum að nota verkfæri frá Vöndu Sigurgeirs markvisst yfir árið en gerðum það ekki nægilega vel. Stefnum áfram að því ásamt öfluglu hópefli.

Niðurstöður um hvernig tókst til að vinna eftir stefnum og áætlunum ársins

Áhersla var á fjölbreytta þætti í skólastarfinu í takt við þær breytingar og viðmið sem eru viðloðandi nútímanum, með það að markmiði að þróast í takt við framtíðina. Ytra mat stýrði þeirri vinnu nokkuð en skólinn skilaði framvindu áætlun í mars sem birtist á heimasíðu skólans. Ekki tókst að vinna eins mikið og áætlað var í umbótaáætlun á skólaárinu.

Eins og áður sagði tókst ágætlega að vinna eftir stefnum og áætlunum. Skólinn er fámennur, hver og einn kennari hefur mörgum hlutverkum að gegna. Öðruvísi álag einkennir starf kennara í fámennum skóla. Veturinn einkenndist af mjög miklu annríki og mjög mörgum verkefnum. Efla þarf lesskilning og vinna markvissara með hann í öllum greinum. Áhersla er

lögð á að einstaklingar öðlist færni til að vinna saman og að hver og einn nýti hæfileika sína eins og kostur er (einstaklingsmiðun). Upplýsingastefnan var sett á oddinn á skólaárinu. Það gekk misvel og fór eftir því hvað kennarar höfðu mikinn grunn í stefnunni. Halda þarf fleiri námskeið fyrir nýja kennara, eldri og reynslumeiri kennarar þurfa að vera leiðandi og hrista þarf upp í gildum skólans og vinna með þau í námshópum. Þurfum að vera með stefnuna sýnilegri þannig að allir viti að við erum uppbyggingarskóli. Rykið var dustað af samskipta/fundarborðinu sem gafst mjög vel fyrir nokkra nemendur sem þurftu að leysa mál. Einnig væri vert að kynna stefnuna fyrir foreldrum nemenda sem eru að hefja nám við skólann eða útbúa kynningu sem væri á heimasíðu skólans um stefnuna.

Samráðstímar nýttust ekki eins vel og ætla mætti en þá eiga kennarar að nýta til samráðs bæði til að stilla saman strengi og skipuleggja nám og kennslu. Í samráði skiptir máli að hver og einn kennari virði tíma hvers annars og mæti með það hugarfar að efla samstarf og nýta tíma vel. Upplýsingar þurfa að vera skýrar og samvinna góð.

Ekki var haldinn foreldrafundur að hausti sökum takmarkana í skólastarfi. Foreldraviðtöl voru haldin tvisvar sinnum yfir árið. Nokkrir völdu að hafa viðtölin rafræn sem tókst nokkuð vel og góð viðbót við það hvernig hægt er að nýta tæknina. Þetta var góð æfing fyrir þá kennara, foreldra og nemendur sem völdu þessa leið. Jólaföndur foreldrafélagsins datt einnig niður en verðugt verkefni næsta skólaárs er að endurvekja foreldrafélag skólans eftir heimsfaraldurinn.

Eftirfarandi áætlanir eru hafðar að leiðarljósi og styðja og styrkja starfsfólk og birtast þær einnig í starfsáætlun:

- Forvarnaráætlun
- Rýmingaráætlun
- Áfallaáætlun
- Eineltisáætlun
- Móttökuáætlun erlendra barna
- Jafnréttisáætlun
- Símenntunaráætlun

Ekki þurfti að grípa til allra þessara áætlana en vert að hafa þær uppfærðar og birta á heimasíðu skólans. Margt af því sem kemur fram í þeim fléttast inn í starfið í samþættingu við námsgreinar t.d. forvarnir og jafnrétti.

Fjöldi nemenda og bekkjardeilda

Nemendur voru í upphafi skólaárs 36 talsins.

Kennslan fór fram í fjórum námshópum:

1., 2. og 3. bekkur mynduðu námshópin yngsta stig. 4.-5. bekkur mynduðu hópinn yngra miðstig. 6. - 7. bekkur voru saman í námshópnum eldra miðstig. Á elsta stigi voru nemendur í 8., 9. og 10. bekk. Mikil samkennta er við skólann. Nánari upplýsingar um skiptingu eftir aldri og kyni má sjá í töflu hér fyrir neðan. 8 nemendur voru/eru tvítýngdir og 4 nemendur með annað móðurmál en íslensku. Taflan hér að neðan sýnir skiptingu nemenda eftir kyni og aldri.

Árgangur	Drengir	Stúlkur	Alls
2015	1	0	1
2014	6	0	6
2013	2	0	2
2012	0	4	4
2011	4	1	5
2010	1	2	2
2009	5	3	8
2008	1	3	4
2007	0	1	1
2006	1	2	3
			36

Taflan sýnir skiptingu nemenda eftir aldri og kyni í lok skólaárs

Forföll nemenda

Fjarvistardagar nemenda: 7 dagar og 27 st.

Veikindadagar nemenda: 339 dagar og 69 st.

Leyfis dagar nemenda: 247 dagar og 80 st.

Seint: 99 st.

Leyfis dögum hefur fjölgað mjög mikið og hafa kennarar rætt um ábyrgð foreldra gagnvart námi í leyfi og nauðsyn þess að allir séu upplýstir um ábyrgð sína. Veikindadagar nemenda tvöfölduðust í vetur miðað við árið á undan m.a. vegna C-19. Nemendur eru gjarnan að koma seint úr íþróttum og nokkrir fyrst á morgnana í mesta skammdeginu.

Forföll kennara

11 starfsmenn voru í vinnu við Grunnskólann á Þingeyri í vetur. 5 menntaðir kennarar, 1 leiðbeinandi, skólastjóri og 2 almennir starfsmenn sem sinna blönduðum störfum stuðningsfulltrúa, skólaliða, húsvarðar og ræstingar. Einnig starfar skólabílstóri við skólann.

Stöðugildi: Við skólann starfa 11 starfsmenn, 7 kennarar, 1 stjórnandi og 2 skólaliðar (1,8 stöðugildi) sem sinna einnig stuðning í bekk, húsvörslu og ræstingu. Skólabílstjóri er í tæpu 30% stöðugildi með vinnustyttingu (8,54 stöðugildi). Upp kom misskilningur á stöðugildum í vetur þegar launaáætlun var skoðuð.

Forföll eru greidd vegna veikinda, leyfa og annarra verkefna.

Greidd forföll: 198 ke.

Fæðingarorlof: 0 dagar

Veikinda dagar starfsfólks: 126 dagar.

Veikinda dagar vegna veikra barna: 20 dagar.

Önnur yfirvinna: 82 st. (skólaferðalag, yfirvinna/félagsstörf og fl.)

Kennslustundamagn

Skólanum voru úthlutaðar 144 kennslustundir. Úthlutun miðast við nemendafjölda og viðmiðunarstundaskrá. Inn í þessum tímafjölda eru einnig tímar fyrir sérkennslu, stuðning og nýbúafræðslu. Skipti tímar í stundatöflum nemenda á yngsta stigi og miðstigi voru 6.

Upplýsingar um keypta þjónustu

Skólinn fær sérfræðiþjónustu frá Skóla- og tómstundarsviði Ísafjarðarbæjar varðandi skimanir og greiningar og stuðning við nemendur og starfsfólk. Annar vetur sem þjónusta talmeinafræðings frá Tröppu var nýtt, það gekk vonum frammar og vonumst við til að sú þjónusta haldi áfram næsta vetur.

Upplýsingar um sjálfsmat

Ákveðin viðmið sem skólunum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnu eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera markmiðsbundið, samofið öllu skólastarfi, samstarfsmiðað og byggt á áreiðanlegum upplýsingum. Það þarf að leiða til umbóta og vera opinbert.

Grunnskólinn á Þingeyri tók þátt í nemenda-, og starfsmannakönnun Skólapúlsins. Og byggist sjálfsmat skólans á niðurstöðum þeirra kannana ásamt tveimur greinum gæðagreinis sem er

nýtt innra mats kerfi sem vinna hófst með í vetur. Umbætur var ýmist farið í strax í kjölfarið eða ákveðið að gera það frá og með næsta skólaári. Skólinn var tekinn út í ytra mati Menntamálstofnunar í lok mars árið 2019. Framvinduskýrsla um umbætur var skilað í mars 2021 og aftur í mars 2022. Sökum sóttkvíar vegna covid hefur hægst á framvindu en þættir innan hennar eru alltaf markmið og leiðarljós til að efla skólann og fagmennsku.

Gæðagreinar

Gæðagreinar er byggt á skoska sjálfsmatskerfinu How good is our school. Árið 1999 var skoska matskerfið þýtt og staðfært af starfsfólki hjá Skólaskrifstofu Skagfirðinga og var þá nefnt Gæðagreinar í íslenskri þýðingu. Árið 2010 var þriðja útgáfa Skotanna af sjálfsmatskerfinu, How good is our school 3, the journey to excellence, þýdd yfir á íslensku og nefndist þá Gæðagreinar 2. Skotarnir uppfærðu sjálfsmatsefnið enn á ný og gáfu út í september 2015, sú útgáfa kallast How good is our school, 4. Starfsfólk Fræðsluþjónustu Skagafjarðar vann að þýðingu á nýju útgáfunni og gaf út íslensku þýðinguna „Hversu góður er grunnskólinn okkar?“ sem grunnskólar Ísafjarðarbæjar hafa fengið leyfi til að nota og notið leiðsagnar frá starfsfólki Fræðsluskrifstofu Skagafjarðar við innleiðinguna.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á sjálfsmatskerfinu í nýjustu útgáfunni, lykilþáttum og gæðagreinum hefur verið fækkað til muna og gert ráð fyrir aukinni fjölbreytni varðandi matsferlið. Jafnframt er lögð áhersla á að skólar aðlagi matskerfið enn frekar að sérstöðu hvers skóla og bæti við gæðaviðmiðum um skólastarf við þau gæðaviðmið sem sett eru fram í hverjum lykilþætti.

Framkvæmd sjálfsmats skólaárið 2021-2022

Samkvæmt lögum um grunnskóla frá 2008 eru markmið með mati og eftirliti með gæðum starfs þeirra að veita upplýsingar um skólastarf og árangur og tryggja að starfsemin sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla. Einnig að auka gæði náms og stuðla að umbótum og tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á (Lög um grunnskóla nr 91, frá 2008).

Samkvæmt 36. grein grunnskólalaga frá 2008 ber grunnskólum einnig að meta starf sitt og árangur með kerfisbundnum hætti, með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Tilgangur þess mats er að greina veika og sterka þætti skólastarfsins með kerfisbundnum hætti og gera viðeigandi umbótaáætlanir. Þetta er sá þáttur sem kallast sjálfsmat skóla. Sjálfsmatið miðast við aðstæður á hverjum stað og er skipulagt af starfsfólki skóla. Það er jafnframt leið til að miðla þekkingu á skólastarfinu og er liður í þróun skólastarfsins. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Sjálfsmatið verður

stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað, með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat eru því lykill að því að gera góðan skóla betri.

Samkvæmt leiðbeiningum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga skal matið vera markmiðsbundið, kerfisbundið, samofið öllu skólastarfi, samstarfsmiðað, byggja á upplýsingum, vera umbótamiðað og opinbert.

Til að tryggja að matið sé kerfisbundið gera grunnskólar matsáætlun sem allir þættir skólastarfsins eru teknir fyrir einu sinni eða oftár á 3-5 ára tímabili. Sumir þættir eru þess eðlis að þeir eru teknir fyrir árlega en aðrir sjaldnar. Innra matið byggir bæði á upplýsingum úr könnunum sem gerðar eru ýmist af skólunum sjálfum eða af aðilum sem Ísafjarðarbær hefur samið við. Árangur nemenda er metinn með vísan í samræmdar mælingar og framfarir. Skólarnir hafa einnig ákveðið að nota matskerfið Gæðagreina til að meta fjölmarga þætti í starfi sínu.

		Matstæki	Meginspurningar
B	Starfsáætlun	Viðmið í aðalnámskrá	Uppfyllir starfsáætlun viðmið aðalnámskrár? Er starfsáætlun lýsandi fyrir skólastarfið?
C	Nám, námsárangur og námsmat	Lesferill, samræmd próf, gæðagreinar, 3.1 Talnalykill, LOGOS	Eru framfarir nemenda í takti við landsmeðaltal? Eiga allir nemendur samtal um tilgang náms og framfarir við starfsfólk skólans? Íhuga kennarar námsframvindu nemenda reglulega?
D	Nemendur, líðan og þarfir, starfsandi, samskipti, samstarf og félagsstarf	Skólapúls, gæðagreinar 3.1, tengslakannanir	Hvernig líður nemendum í skólanum? Hvað einkennir samskipti nemenda?
F	Starfsfólk, starfshættir, endurmenntun, líðan, þarfir, starfsandi og samskipti	starfsmannasamtöl, starfsmannakönnun Skólapúlsins	Hvernig líður starfsmönnum á vinnustaðnum, hafa þeir tækifæri til að þróa starf sitt?
H	Viðmót og menning skóla, jafnrétti	Gæðagreinar 3.1, Skólapúls	Hvernig lýsir áhersla á velferð og jafnrétti sér í skólastarfinu?

K	Ytri tengsl, tengsl við önnur skólastig, tengsl við nærsamfélagið	Gæðagreinir 2.7, Skólapúls, foreldrafundir	Tengjumst við öðrum skólum í okkar umhverfi? Hversu vel nýtum við umhverfi okkar til að efla tilfinningu nemenda fyrir því að þeir tilheyri samfélagi?
---	---	--	---

Gæðagreinar

Á yfirstandandi skólaári var ætlunin að vinna með þrjá gæðagreina, en tími gafst aðeins til að vinna með lykilþátt 2.5 Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi. Hver gæðagreinir samanstendur af 10-15 spurningum og matsviðmiðum. Vinnan fór þannig fram að starfsmönnum var skipt í 2 hópa og ræddi hvor hópur fyrir sig um sameiginlega einkunnagjöf fyrir hvern matsþátt. Slíkt verklag leiðir til mats byggðu á rökstuðningi sem allir starfsmenn skilja. Þær niðurstöður sem hér eru birtar eru meðaltalsniðurstöður hvers matsþáttar byggðar á einkunnagjöf hópanna við hverja spurningu. Með þessari vinnu erum við að efla innra mat sem okkur er gert að gera umbætur á í ytra mati sem var framkvæmt í lok mars 2019 af Menntamálastofnun (umbótaáætlun mars 2021).

Yfirlit gæðagreina

Gæðagreinir	Meðaltalseinkunn
2.5 Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi	4

2.5 Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi (október 2021)

Sterkar hliðar: Stuðningur við fjölskyldur. Við vitum að þátttaka og góð samvinna heimila og skóla styrkir nám barnanna. Vegna fámennis er auðvelt að sjá hverjir taka þátt í uppákomum og viðburðum á vegum skólans.

Veikar hliðar: Virkja skapandi þátttöku foreldra og auka sýnileika. Þurfum að virkja alla foreldra.

Mikilvægast að efla samstarf hvers skólastigs og nærsamfélagið auk heimilanna. Halda áfram að efla jákvæð samskipti. Hafa fleiri uppákomur sem efla jákvæðni og styrkja samskipti heimilis og skóla. Mikilvægt að samstarf sé gott.

Meðaltalsmat úr þessum gæðagreini var 4

Niðurstöður: Endurvekja foreldrafélag og setja í forgang foreldrafund að hausti. Vinna þarf markvissari vinnu með gæðagreina og kynna fyrir skólaráði og foreldrum. Einnig er vert að huga að því að nýta gæðagreina með nemendum á næsta skólaári (nemendaping haust 2022).

Leiðsagnarnám

Starfsfólk skólans setti niður á blað hver fyrir sig svör við eftirfarandi spurningum þegar markmið leiðsagnarnáms voru sett niður. Markmið skólans með leiðsagnarnámi eru:

Hvað viljum við að einkenni námsmenningu skólans?

Við viljum að öllum nemendum (og kennurum líka) líði vel, að þeir viti og skilji hvað og til hvers þeir eru að læra, að þrautseigja og metnaður eflist.

Starfsmarkmið er alltaf að bæta námsárangur. Það er ekki eitthvað sem lýkur eftir 2 – 3 ár. Leiðsagnarnámið er sú leið að því markmiði sem við ætlum að fara.

- Fagmennska kennara er nr. 1 í “okkar húsi” við verðum að hafa trú á okkur sjálfum til að það virki.
 - Vaxandi hugarfar er forsenda fyrir því að vilja, geta og ætla.
 - Þarf að kynna vel fyrir nemendum og foreldrum til að foreldrar geti séð fyrir sér að vaxandi hugarfar sé jafn mikil snilld og okkur finnst það vera.
 - Það leiðir af sér meiri væntingar til barnanna sem eflir þau í frekara námi.
1. Að setja skýrari markmið sem efla námsmenninguna okkar með því að efla innri námshvötina, þannig að bæði nemendur og foreldrar geri sér betur grein fyrir og viti til hvers er ætlast í náminu.
 2. Vinna að skipulagi sem styðji við skýrari viðmið í allri kennslu.
 3. Að tileinka sér “orðfæri” með því að virkja alla foreldra til að spyrja börn sín hvað þau hafi lært þann daginn/dagana. Með því deilist líka betur ábyrgð á námi milli heimila og skóla. Gæta að því að allir starfsmenn skilji niðurstöður námsmats á “svipaðan hátt”

4. Að vinna sameiginlega að skilgreiningunni “ Hvað einkennir góðan kennara” Fá nemendur með okkur í þá skilgreiningu, t.d. sem vinnu á nemandapingi.

Innleiðing tókst vel fram að áramótum. Byrja þarf aftur af krafti næsta haust. Mikilvægt að nýir starfsmenn fylgi með og fái tíma til að ígrunda skipulag kennslu.

Skýrsla námsráðgjafa

Miðvikudagar voru líkt og síðustu vetur Þingeyrardagar, á móti Flateyri. Að meðaltali 6 klukkustundir. Það hefur gefist nokkuð vel. Starfshlutfallið var Þingeyri 10% og Flateyri 5% - en Þingeyri átti þrjá miðvikudaga í mánuði á móti 1 á Flateyri. Skipt var á dögum þegar þurfti og aldrei neitt mál með það. Í febrúar var enginn eiginleg náms- og starfsfræðsla í gangi, þar sem undirrituð var starfandi skólastjóri – og mikil veikindi og forföll starfsmanna vegna covid og annarra aðstæðna gerðu það að verkum að mikið var um forfallakennslu o.fl.

Verkefnin voru af ýmsum toga, en öll lutu þau að velferð nemendanna. Einstaklingsviðtöl voru tekin við alla nemendur skólans. Og síðan eftir þörfum. Yfirleitt voru það þá umsjónarkennarar sem báðu um það, eða þau báðu um það sjálf. Foreldrar báðu einnig um að ég talaði við þeirra börn.

Í vetur var enginn „fastakúnni“ hjá mér, en nokkrir „undir smásjá“ og teknir í viðtal þegar þurfa þótti. Þeir voru allir á eldri miðstigi.

Tengslakannanir voru lagðar fyrir nemendur á öllum stigum og unnið úr þeim. Umsjónarkennarar fengu þær síðan áfram til frekari úrvinnslu ef þörf þótti.

CDI- skimun (fyrir kvíða og þunglyndi) var lögð fyrir 9. bekk.

Áhugakönnunin Bendill var lögð fyrir 10. bekkingana og í kjölfarið rætt við þá um framhaldsskóla, forinnritun, inntökuskilyrði o.fl. Farið var á „Opið hús“ í MÍ með 10. bekk, en slíkt fyrirkomulag heppnaðist afar vel. Einnig komu Erna Sigrún náms- og starfsráðgjafi og Heiðrún starfandi skólameistari í MÍ, í heimsókn og hitti unglíngastigið til að kynna starfsemi MÍ. Það mæltist mjög vel fyrir og þegar við fórum svo í heimsóknina, voru þau vel undirbúin.

Ekki voru fastir tímar í náms- og starfsfræðslu í töflu á unglíngastigi – en fjögur skipti í lotu hitti ég þau í „valtímum“ þar sem farið var yfir iðnnám og bóknám, framhaldsskóla og háskóla, inntökuskilyrði, uppbyggingu námsins, þrepaskiptingu o.fl.

Nemendaverndarráðsfundur var að vori og forvarnarteymi sett á laggirnar – en kennarar og skólastjórar ræddu nám einstaka nemenda við mig þegar þörf var á.

Rætt var við foreldra bæði augliti til auglitis og í síma, gott að sjá að foreldrar eru farnir að líta á starf náms- og starfsráðgjafa sem nauðsynlegan þátt í stoðþjónustunni.

Líkt og fyrri ár, má sjá að starf náms- og starfsráðgjafa er fjölbreytt og mikilvæg þjónusta sem nemendur eru duglegir að nýta sér. Mjög mikilvægt er að þeir viti að á þá er hlustað og erindi þeirra tekin alvarlega. Allflestir nemendur á unglingastigi hafa fengið afhentan blöðung um starfsemi og hlutverk náms- og starfsráðgjafa, því það er einnig gott fyrir foreldra að gera sér grein fyrir því að þeir geta komið með ábendingar og áhyggjumál af sínum börnum til náms- og starfsráðgjafa. Þetta starf er í stöðugri þróun og foreldrar hafa í auknum mæli nýtt sér það – ýmist beint eða í gegnum skólann. Þörfin er því brýn áfram fyrir starfandi náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum Ísafjarðarbæjar – og vert er að minna á það að samkvæmt grunnskólalögum eiga nemendur rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar af menntuðum náms- og starfsráðgjöfum.

23. maí 2022

Jónína Hrönn Símonardóttir MA í náms- og starfsráðgjöf.

Upplýsingar um nauðsynlegar breytingar/viðgerðir

Bæta þarf viðhald á öllu húsnæðinu bæði innan og utan dyra. Þak lekur í miðju rými sem tengir Þinghús og „nýju“ byggingu saman. Elsti hluti skólans varð 124 ára á skólaárinu og vert að huga að því að halda honum áfram við. Starfsmannarými voru máluð árið 2018 og bætti mjög loftgæði þar sem gamalt veggfóður var á veggjum ásamt því að ný salernisaðstaða var gerð fyrir starfsmenn í gamla kjallaranum. Huga þarf áfram að lokuðum skápum í mynd,- og handmenntastofu þar sem vinnueftirlitið hefur gert athugasemdir við núverandi aðbúnað. Skólalóðin er í nokkuð góðum málum fyrir utan illgresi og þess háttar, snyrting hefur verið ábótavant en ekki hefur verið vinnuskóli í þorpinu sem heitið getur til að sinna þessum verkefnum. Huga þarf að málun útleiktækja næsta sumar. Auk þess kom góð hugmynd frá nemendum að hafa 2 bekki úti á lóð. Það þarf að huga betur að „andliti“ skólans og gera umhverfið fyrir framan skólann huggulegra og í leiðinni snyrtilegra ásamt því að komið er að því að skólinn verði málaður að utan. Það þarf að huga að vatnsrennum og þakköntum (lausar spýtur voru festar sl. haust). Snyrtilegra aðgengi dregur úr viðhaldi og þrifum innan dyra. Nánari upplýsingar um viðhald og endurnýjun má sjá í töflu hér fyrir neðan. Við þetta má svo bæta að allar útihurðir á skólanum eru orðnar mjög lélegar (sjá forgangslista).



Frá skólasýningunni vor 2022

	Verk /viðhaldsvinna	Skýring	Annað/forgangur
1.	Uppþvottavél	Aðstaða til uppvöskunar í framreiðslu eldhúsi skólans. Nýja uppþvottavél og laga pípulagnir við hana.	Forgangur 1
2.	Útihurðir og þakrennur	Útihurðir farnar að vinda sig og eru óþéttar. Myndi spara hita kostnað að laga þær. Þakrennur ónýtar.	Forgangur 2
3.	Skóli málaður að utan	Gluggar, þak-kantur og steiptur grunnur þarf að mála til að viðhalda	Forgangur 3
4.	Bæta umhverfi skólans, sérstaklega að framanverðu.	Ganga frá svæði við aðal inngang og hellur (blómaker komið).	Forgangur 4
5.	Skóli málaður að innan	Þinghús og anddyri, salur og heimastofa elsta stigs.	Forgangur 5
6.	Úrbætur á skólalóð, viðhald (bera á tréverk)	Lagfæringar á marki, ljóskastara og breyta hæð á körfuboltahringjum.	Forgangur 6
7.	Veggskápar í handavinnustofu	Vinnueftirlit vill að efni og garn sé í lokuðum skápum í stað opinna hillna. Léttara andrúmsloft ástæða.	Forgangur 7
8.	Gardínur	Setja þarf gardínur í heimilisfræðistofu og á elsta stigi vegna sólar og hita. Athuga með smíðastofu	Forgangur 8
9.	Vifta í heimilisfræðiaðstöðu	Viftu vantar í eldhús til þess að bæta loftgæði, sérstaklega þegar kennsla á sér stað	Forgangur 9
10.	Gólf – bónvinna skipulögð	Það þarf að fara huga að því að leggja nýjan gólfdukk á sal, nemendaeldhúsi, bókasafni,	Forgangur 10

Endurnýjun, viðbót vegna kennslu
Náttúrufræðiskáp
Gúmmí sessur/kúluboltastólar og kollur f. nemendur
Jógadýnur
Hækkanleg borð til að geta staðið við vinnu 3 stk.
T.d. til að vinna við spjaldtölvu og fl.
Áhöld í eldhús
Gardínur í smíðastofu
Gardínur í heimilisfræðistofu

Upplýsingar um stórar fjárfestingar

Lögð var áhersla á í síðustu ársskýrslu að nauðsynlegt væri að fara í fjárfestingar á almennu viðhaldi skólahúsnæðis. Mikil þörf er á málningarvinnu sérstaklega utandyra til að hlífa og verja glugga. Mjög mikilvægt að gluggar og tréverk fái málningu sem fyrst. Búið er að skipta um þak á millibyggingu og festa niður þakplötur sem voru farnar að losna á „nýja“ enda skólans. Halda þarf áfram að laga þakkanta og þakrennur.

Einnig þarf að huga áfram að endurnýjun húsgagna og má þar nefna nýja stóla en það voru helstu niðurstöður nemendabings á síðasta skólaári að bæta þyrfti stólakost skólans. Á sama þingi ræddu nemendur um skólalóðina og ýmsar spennandi hugmyndir komu upp. Búið er að panta nýja stóla og borð fyrir nemendur á yngsta stigi, þeir koma í október á þessu ári.

Fjárhagsáætlun

Staða fjárhags er góð.

Staða ekki góð vegna van áætlunar í launaáætlun.

Staða fjárhags í sveitastjóra 27. júní 2022:

Hreyfing: 49.220.968 kr. **Áætlun:** 58.879.516 kr. **Mismunur:** 9.658.548 kr.

Lýkur hér yfirferð á helstu atriðum á 125. starfsári Grunnskólans á Þingeyri. Samantektin er ekki tæmandi en góð viðbót við heimildir um skólastarfið skólaárið 2021-2022.

Erna Höskuldsdóttir, skólastjóri.